

## AUGLÝSING

### um að lög nr. 13/2011 séu fallin úr gildi.

Með vísun til 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/2010 með síðari breytingum, tilkynnist hér með að í þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin var, hinn 9. apríl 2011, samkvæmt fyrirmælum í 26. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, var lögum nr. 13/2011, um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum, synjað staðfestingar og eru þau því fallin úr gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 15. apríl 2011.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2011